

AUGLÝSING

um reikningsskil sveitarfélaga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reikningsskilaaðferðir.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, og reglugerðum, sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, gilda ákvæði laga um bókhald, nr. 145/1994, laga um ársreikninga, nr. 144/1994, reglugerð nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur hjá sveitarfélögum. Í auglýsingu þessari er að finna frávík frá almennum reikningsskilavenjum í reikningsskilum sveitarfélaga þar sem það er talið gefa gleggri mynd af afkomu sveitarsjóðs.

2. gr.

Skipting í A- og B-hluta.

Samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, skal skipta starfsemi sveitarfélaga í tvo flokka, sbr. einnig auglýsingu nr. 414/2001. Annars vegar er um að ræða sveitarsjóð, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins, auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af skatttekjum sveitarfélagsins. Hins vegar er um að ræða fyrirtæki sveitarfélagsins og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Skilgreiningar á hugtökum er tengjast bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga:

Skilgreiningar samkvæmt reglugerð nr. 944/2000:

- Rekstrareining:** Bókhaldslega aðskilinn starfsemispáttur í sveitarfélagi, hvort sem um er að ræða fjárhagslega sjálfstæða einingu eða ekki.
- Þjónustueining:** Rekstrareining sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með þjónustugjöldum.
- Stofnanir sveitarfélaga:** Rekstrareiningar sem að öllu jöfnu falla undir a-lið 13. gr. reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 944/2000.
- Fyrirtæki sveitarfélaga:** Fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem falla undir b-lið 13. gr. reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 944/2000.

Aðrar skilgreiningar:

Aðalsjóður:

Hefðbundin starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir beint undir sveitarstjórn, en án annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.

Sveitarsjóður:

Sá hluti starfsemi sveitarfélags sem flokkast undir a-lið 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.

- Peningaleg staða:** Samtala peningalegra eigna að frádregnum skuldum. Peningaleg staða er jákvæð ef peningalegar eignir eru umfram skuldir, en neikvæð ef skuldir eru hærri en peningalegar eignir.
- Samstæða:** Samanlagðir ársreikningar sveitarsjóðs og fyrirtækja hans þar sem innbyrðis staða og millivelta hefur verið nettuð út.
- Stofnverð:** Framreiknað kostnaðarverð mannvirkja og annarra varanlegra rekstrarfjármuna.

II. KAFLI

A-hluta stofnanir.

4. gr.

A-hluti í reikningsskilum sveitarfélaga skal sýna starfsemi sveitarsjóðs, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins, auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af skatttekjum sveitarfélagsins. Í 5. og 6. grein er gerð grein fyrir þeim reglum sem sérstaklega gilda um tilteknar A-hluta stofnanir utan aðalsjóðs.

5. gr.

Eignasjóður.

Eignasjóður er A-hluta stofnun sem hefur með höndum umsýslu fastafjármuna sem nýttir eru fyrst og fremst af aðalsjóði sveitarfélagsins.

Fasteignir.

Eignasjóðnum er ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar og kaup og sölu fasteigna í umboði sveitarstjórnar. Eignasjóður leigir út fasteignir til rekstrareininga aðalsjóðs, og í einstaka tilvikum til þriðja aðila. Eignasjóður getur einnig haft eignarhald á og leigt fasteignir sem nýttar eru af öðrum stofnunum og fyrirtækjum sveitarsjóðs, að undanskildum félagslegum íbúðum.

Eignasjóður leigir út fasteignir til stofnana sveitarfélags samkvæmt óskum þeirra og þörfum og innheimtir leigu (svokallaða innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér, þ.e. fjármagnskostnað vegna viðkomandi fasteignar, afskriftir, skatta og tryggingar, viðhaldskostnað fasteignar og lóðar, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu. Leigutekjur eignasjóðs skulu standa undir rekstri einstakra eigna.

Allar fasteignir aðalsjóðs skulu færðar til eignasjóðs á framreiknuðu afskrifuðu kostnaðarverði. Séu upplýsingar um kostnaðarverð ekki fyrirbyggjandi þarf að styðjast við viðmiðunarverð á byggingarkostnaði á fermetra án búnaðar í hverri eignategund og afskrifa það með tilliti til aldurs bygginga. Jafnframt skal taka tillit til kostnaðarþátttöku ríkissjóðs við fasteignir sem byggðar eru fyrir 1990 og stofnkostnaðarframlaga Jöfnunar sjóðs sveitarfélaga frá 1990. Með þessu móti fæst svokallað yfirfærsluverð sem eignasjóður greiðir aðalsjóði fyrir fasteignirnar.

Hafi sveitarfélag tekið þátt í byggingarkostnaði stofnana, svo sem framhaldsskóla, færist sú eign til eignasjóðs með sambærilegum hætti og aðrar fasteignir. Eignasjóður leigir aðalsjóði eignarhlutann í viðkomandi stofnun þar sem leigan samanstendur af afskriftum, fjármagnskostnaði og umsýslukostnaði.

Miðað er við að eignasjóður greiði aðalsjóði fyrir yfirfærðar eignir með skulda- viðurkenningu til jafnlangs tíma og meðallíftími eignasafnsins er. Miða skal við að skulda- viðurkenningin beri sömu vexti og lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga á hverjum tíma, gjalddagi sé einn á ári og skulu afborganir reiknast eins og um jafngreiðslulán (annuitet) væri að ræða.

Eins og að framan greinir sér eignasjóður um nýbyggingar fyrir aðalsjóð. Miðað

er við að fjármagnskostnaður verði eignfærður á byggingartíma. Eignasjóður innheimtir leigu frá þeim tíma sem viðkomandi rekstrareining fær eignina til afnota. Fáir sveitarfélag byggingarkostnað endurgreiddan með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, eða frá öðrum aðila, dregst endurgreiðslan frá innri leigu allra eigna í viðkomandi flokki, þ.e. skólum, leikskólum o.s.frv.

Viðmiðunarverð og viðmiðunarlíftími fasteigna er eftirfarandi:

Fasteignaflokkur	Viðmiðunarverð	Viðmiðunarlíftími
Skólar.....	140.000 kr./m ²	40 ár
Leikskólar.....	140.000 kr./m ²	40 ár
Íþróttamiðstöðvar.....	140.000 kr./m ²	40 ár
Hjúkrunar- og dvalarheimili.....	150.000 kr./m ²	40 ár
Skrifstofuhúsnæði.....	120.000 kr./m ²	40 ár
Sérhæft húsnæði.....	200.000 kr./m ²	40 ár
Íbúðir í fjölbýlishúsum.....	90.000 kr./m ²	40 ár
Einbýlishús.....	140.000 kr./m ²	40 ár
Sambyli.....	110.000 kr./m ²	40 ár
Hrátt húsnæði, svo sem iðnaðarhúsnæði.....	65.000 kr./m ²	25 ár

Ofangreind viðmiðunarverð eru miðuð við verðlag í janúar 2001.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum viðmiðunarverðum telji sveitarfélag það réttara.

Eignasjóði er ætlað að láta leigutekjur vegna einstakra eigna standa undir rekstrar-kostnaði þeirra, þar með töldum afskriftum og fjármagnskostnaði. Leigureikningar skulu gerðir með reglubundnum hætti og færðir á viðkomandi rekstrareiningar í A- eða B-hluta eða hugsanlega til aðila utan sveitarfélagsins. Miðað er við að leigufjárhæðir séu endur-skotaðar árlega með tilliti til breyttra vaxtakjara hjá Lánasjóði sveitarfélaga og annarra atriða sem skipt geta máli.

Viðmiðunarleiga samanstendur af eftirfarandi liðum:

Fjármagnskostnaður.....	Vaxtakjör Lánasjóðs sveitarfélaga.
Afskriftir.....	Sjá að framan.
Skattar og tryggingar.....	1,2% af stofnverði (taka þarf tillit til undanþágu frá fasteignaskatti).
Viðhald húsa og lóða.....	2,0% af stofnverði; 3,0% í leikskólum.
Umsýslukostnaður.....	0,5% af stofnverði.

Hægt er að gera sérstaka samninga um frekari þjónustu eignasjóðs, svo sem vegna húsvörslu, ræstinga, snjómoksturs o.þ.h. Jafnframt getur eignasjóður leigt út húsnæði með rafmagni og hita.

Lóðir og lendur.

Kaup á byggingarlandi skulu eignfærð og skal miða við að kostnaðurinn sé gjaldfærður á 25 árum. Gjaldfærslan skal færast meðal afskrifta í eignasjóði. Eignarhald skal vera í eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir landið til aðalsjóðs. Leigan samanstendur

af ofangreindri gjaldfærslu og fjármagnskostnaði auk umsýslukostnaðar. Heimilt verður að færa til eignar í eignasjóðum land það sem hefur verið keypt undanfarin ár sem byggingarland og skal fara með það eins og aðrar eignir sem færast til eignasjóðs. Annað land sem er í eigu sveitarfélags skal ekki eignfært.

Gatnakerfi.

Fjárfesting í nýjum gatnakerfum (götur, gangstéttar og stígar, göngubrýr og mislæg gatnamót, götuvatir, gatnalýsing o.fl.) skal eignfærð, að frádregnum gatnagerðagjöldum, og afskrifuð í samræmi við almenna reikningsskilavenju. Eignarhald verður í eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir gatnakerfið til aðalsjóðs. Leigan samanstendur af afskriftum, fjármagnskostnaði og umsýslukostnaði. Viðhald og annar rekstrarkostnaður verður gjaldfærður í aðalsjóði. Eldri mannvirki verða ekki eignfærð. Undir gatnakerfi fellur kostnaður vegna jarðvatnskerfis (regnvatnskerfis). Viðmiðunarlíftími gatnakerfis er 25 ár.

Lausafjármunir – eignfærsla á áhöldum og tækjum og leiga.

Kaup á smááhöldum skulu gjaldfærð á viðkomandi rekstrareiningar í samræmi við almenna reikningsskilavenju. Þeir lausafjármunir (sem nýttir eru af aðalsjóði) sem ekki eru gjaldfærðir hjá viðkomandi rekstrareiningum verða eignfærðir hjá eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir þá til viðkomandi rekstrareininga. Leigan samanstendur af afskriftum, fjármagnskostnaði og umsýslukostnaði en viðhald, tryggingar og annar rekstrarkostnaður verður greiddur af leigutaka nema um annað verði samið í samningi milli leigusala og leigutaka. Þeir lausafjármunir sem sveitarfélagið eignaðist fyrir árslok 2001 verða ekki eignfærðir. Viðhald þeirra verður gjaldfært á viðkomandi rekstrareiningar. Gjaldfæra skal kostnaðarþátttöku sveitarfélaga í búnaði heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

Afskriftatími lausafjármuna skal taka mið af almennum reikningsskilavenjum.

6. gr.

Innri þjónustumiðstöð.

Innri þjónustumiðstöð er A-hluta stofnun sem nær yfir hefðbundna starfsemi áhaldahúss og vélamiðstöðvar. Sveitarfélagið getur áfram haft þennan rekstur aðskilinn í tveimur A-hluta stofnunum.

Fjárfesting í fastafjármunum skal eignfærð og afskrifuð í samræmi við almenna reikningsskilavenju. Eldri tæki og húseignir verða keyptar frá aðalsjóði samkvæmt framreiknuðu, afskrifuðu kostnaðarverði eða markaðsverði sé það lægra. Fasteignir þjónustumiðstöðvar geta verið hvort heldur sem er í eigu hennar eða eignasjóðs.

Miðað er við að eignasjóður greiði aðalsjóði fyrir yfirfærðar eignir með skulda- viðurkenningu til jafnlangs tíma og meðallíftími eignasafnsins er. Miða skal við að skulda- viðurkenningin beri sömu vexti og lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga á hverjum tíma, gjalddagi sé einn á ári og skulu afborganir reiknast eins og um jafngreiðslulán (annuitet) væri að ræða.

III. KAFLI

B-hluta fyrirtæki.

7. gr.

Almennt.

Um staðsetningu rekstrareininga í B-hluta sveitarfélaga skal fara eftir þeirri meginreglu að þar flokkist fjárhagslega sjálfstæðar einingar er hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum. Sem dæmi um

slíkar rekstrareiningar eru vatnsveitur, hafnarsjóðir, rafveitur, hitaveitur og sorphirðing og sorpeyðing.

Í undantekningartilvikum getur verið rétt að færa rekstrareiningar milli b- og a-hluta þegar um óverulega starfsemi og litla fjárbindingu í rekstrareiningunni er að ræða.

8. gr.

Fráveita.

Stofna skal sérstakt fyrirtæki sveitarsjóðs um rekstur og efnahag fráveitu sveitarfélagsins. Þar verða fráveituframkvæmdir eignfærðar og afskrifaðar um 4% á ári. Með fráveitu er átt við holræsakerfi sveitarfélagsins frá húsvegg/lóðarmörkum notenda annars vegar og endastöð hins vegar, þar með taldar dælustöðvar og þess háttar. Fráveita er fjármögnuð annars vegar með hluta gatnagerðagjalda og hins vegar með fráveitugjaldi (holræsagjaldi).

Eldri fráveituframkvæmdir skulu færðar úr aðalsjóði á framreiknuðu, afskrifuðu kostnaðarverði liggja það fyrir en annars samkvæmt afskrifuðu viðmiðunarverði. Viðmiðunarverði ákvarðað út frá kostnaðarverði sambærilegra mannvirkja, t.d. ákveðið verð á hvern lengdarmetra holræsa.

Fráveita greiðir aðalsjóði fyrir mannvirkin með skuldaviðurkenningu, sem beri sambærilega vexti og lán Lánasjóðs sveitarfélaga, hún verði með einum gjalddaga og afborganir reiknaðar eins og um jafngreiðslulán væri að ræða.

Nauðsynlegt er að færa eldri fráveituframkvæmdir yfir til fráveitufyrirtækisins þar sem kostnaður við þær er m.a. grundvöllur að gjaldskrá (holræsagjaldi).

IV. KAFLI

Ársreikningur sveitarfélags.

9. gr.

Ýmsar reglur.

Ársreikningur sveitarfélags skal gerður í meginatriðum í samræmi við almenna reikningsskilavenju, sbr. þó neðangreindar reglur í grein þessari.

Samstæða – samanlagður ársreikningur.

Sem B-hluta fyrirtæki í samstæðu skal tilgreina félög þar sem eignarhlutur sveitarfélagsins er hærri en 50% og um skyldan rekstur við starfsemi sveitarfélagsins er að ræða. Hlutdeild minnihluta í rekstri og eigin fé skal tilgreina sérstaklega nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða.

Hafi sveitarfélag stofnað félög um verkefni sín þá eiga slík fyrirtæki að flokkast sem B-hluta fyrirtæki í samstæðu. Sama gildir um byggðasamlög. Gjaldfæri aðalsjóður framlag til byggðasamlags er ekki nauðsynlegt að taka slík samlög inn í samstæðu nema um verulegar skuldbindingar sé að ræða. Skuldbindingar skulu alltaf vera tilgreindar í skýringum.

Eignarhlutir.

Eignarhlutir sveitarsjóðs.

Í aðalsjóði skal færa hlutabréfaeign á framreiknuðu kostnaðarverði, en ekki er færð hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага þar sem í reikningsskilum aðalsjóðs og annarra A-hluta stofnana er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna.

Eignarhlutir B-hluta fyrirtækja.

Í aðalsjóð færist ekki hlutdeild í afkomu B-hluta fyrirtækja enda sé eignarhlutur í þeim ekki eignfærður hjá aðalsjóði.

Um dóttur- og hlutdeildarfélög B-hluta fyrirtækja fari eftir almennum reiknings-skilavenjum.

Rekstrarframlög til stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga.

Hafi sveitarfélög falið stofnunum sínum eða fyrirtækjum að sjá um lögbundin verkefni og önnur verkefni sem sveitarfélög hafa alla jafna sinnt ber aðalsjóði að reikna og færa árlega framlag til viðkomandi stofnana og fyrirtækja til þess að mæta rekstrarhalla þeirra. Framlagið færist til gjalda á viðkomandi málaflökk í aðalsjóði og til tekna sem rekstrarframlag hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

Dæmi um stofnanir og fyrirtæki eru:

Félagslegar íbúðir.

Almenningssamgöngur.

Félagsheimili.

Hafi sveitarfélag ekki reiknað framlag til framangreindra stofnana hingað til skal leiðrétta framlög fyrri ára, með færslu á eigið fé hjá aðalsjóði annars vegar og viðkomandi stofnun eða fyrirtæki hins vegar.

Óvenjulegir liðir.

Útgjöld eða tekjur sveitarfélaga sem ekki falla undir venjulegan rekstur þeirra skal sýna sem óvenjulega liði, enda hafi þau veruleg áhrif á afkomu sveitarfélags og skekki samanburð milli ára og milli sveitarfélaga. Dæmi um óvenjulega liði má nefna verulegan hagnað/tap af sölu hlutabréfa í fyrirtækjum sem ekki tengjast beint starfsemi sveitarfélags og verulegan hagnað/tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna, enda sé um að ræða varanlega rekstrarfjármuni sem óvenjulegt er að sveitarfélagið selji.

10. gr.

Form ársreiknings.

Ársreikningur skal vera á því formi sem sýnt er í viðaukum 1 – 4.

11. gr.

Sundurliðunarbók.

Samhliða gerð ársreiknings skulu sveitarfélög sundurliða rekstur sinn í sérstakri sundurliðunarbók, sbr. viðauka 5 – 6E.

12. gr.

Fjárhagsáætlun.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings, sbr. reglugerð nr. 944/2000. Fjárhagsáætlun sveitarfélags skal sett fram á því formi sem sýnt er í viðaukum 1 – 4, án samanburðar.

Samhliða gerð fjárhagsáætlunar skulu sveitarfélög sundurliða áætlaðan rekstur sinn í sérstakri sundurliðunarbók, sbr. viðauka 5 – 6E.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði.

13. gr.
Gildistaka.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. október 2001.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

VIÐAUKI 1.

Rekstrarreikningur ársins 2002

Skýr.	Sveitarsjóður		Samstæða	
	2002	Fjárhagsáætlun	2002	Fjárhagsáætlun
Tekjur:				
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs				
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
	0	0	0	0
Aðrar tekjur				
	0	0	0	0
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld				
Annar rekstrarkostnaður				
	0	0	0	0
Afskriftir				
	0	0	0	0
Aðrar tekjur og gjöld:				
Óvenjulegir liðir				
	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	0			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Rekstrarniðurstaða	0	0	0	0

VIÐAUKI 2.

Efnahagsreikningur

Eignir

Skýr.	Sveitarsjóður		Samstæða	
	2002	2001	2002	2001
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir				
Veitukerfi				
Vélar, áhöld og tæki				
	0	0	0	0
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignahlutir í félögum				
Langtímakröfur				
	0	0	0	0
Fastafjármunir	0		0	
Veltufjármunir:				
Birgðir				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur				
Næsta árs afborganir langtímakrafna				
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki				
Aðrar skammtímakröfur.....				
Skammtímakröfur samtals	0	0	0	0
Verðbréf				
Handbært fé				
Veltufjármunir	0	0	0	0
Eignir samtals	0	0	0	0

VIÐAUKI 3.

31. desember 2002

Skuldir

Skýr.	Sveitarsjóður		Samstæða	
	2002	2001	2002	2001
Eigið fé				
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbindingar				
Aðrar skuldbindingar				
	0			
Langtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir				
Aðrar langtímaskuldir				
	0			
Skammtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir				
Viðskiptaskuldir				
Næsta árs afborganir langtímaskulda				
Skuldir við eigin fyrirtæki				
Aðrar skammtímaskuldir				
	0	0	0	0
Skuldir og skuldbindingar samtals	0	0	0	0
Skuldir og eigið fé samtals	0	0	0	0

VIÐAUKI 4.

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2002

Skýr.	Sveitarsjóður		Samstæða	
	2002	Fjárhagsáætlun	2002	Fjárhagsáætlun
Rekstrarhreyfingar:				
Niðurstaða ársins				
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Söluhagnaður eigna				
Reiknaðar afskriftir				
Verðbætur og gengismunur				
Breyting lífeyrisskuldbindinga				
Veltufé frá rekstri	0	0	0	0
Breytingar á skammtímalíðum:				
Birgðir, lækkun				
Óinnheimtar tekjur, (hækkun)				
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)				
Skammtímaskuldir, hækkun				
Breytingar	0	0	0	0
Handbært fé frá (til) rekstrar	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum				
Söluverð seldra rekstrarfjármuna				
Fjárfesting í eignarhlutum				
Framlög eigin stofnana				
Önnur framlög				
Verðbréf, breyting				
Fjárfestingarhreyfingar	0	0	0	0
Fjármögnunarahreyfingar:				
Tekin ný langtímalán				
Afborganir langtímalána				
Eigin fyrirtæki, breyting				
Fjármögnunarahreyfingar	0	0	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	0	0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	0	0	0	0
Handbært fé í árslok	0	0	0	0

VIÐAUKI 6B.

SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSJÓDS FRIH.

	00	01	02	03	81		1	2	3	4	5	7	8	9	Niður- staða	Fjárhags- dætlun
	Heildar- tekjur	þar af þjónusta- tekjur	þar af eigna- tekjur	þar af endur- annarri sviartar.			Laun og launat. gjöld	Vörn og þjónusta- kaup	Skattar og önnur opinb. gj.	Fjármunat. og fjármagnsgj.	Afskriftir	Sýrktir og framlög	Samtals gjöld			
04 Fræðslu- og uppeldismál																
0 Sameiginlegir líbú																
01 Skólaskrifstofa																
09 Aðrir sameiginlegir líbú																
1 Leikskólar og dagvistun																
10 Sameiginlegir líbú																
11 Leikskólar																
11.01 Leikskóli 1																
11.02 Leikskóli 2																
11.03 Leikskóli 3																
11.04 Leikskóli 4 o.s.frv.																
17 Dagvistan í heimahlífum																
18 Gestavellir																
19 Annar leikskóla- og dagvistunar kostnaður																
2 Grunnskólar																
20 Sameiginlegir líbú																
21 Grunnskólar																
21.01 Grunnskóli 1																
21.02 Grunnskóli 2																
21.03 Grunnskóli 3																
21.04 Grunnskóli 4 o.s.frv.																
28 Vistan utan skólafélaga																
29 Annar grunnskólakostnaður																
4 Framhaldsskólar																
5 Önnur fræðslustarfsemi																
51 Tónlistarskóli																
51.01 Tónlistarskóli 1																
51.02 Tónlistarskóli 2																
51.03 Tónlistarskóli 3 o.s.frv.																
52 Umferðarskólinn „Ungr vegferendur“																
59 Aðrir skólar og fræðslustarfsemi																
8 Ýmsir styrkir og framlög																
05 Menningararmál																
0 Sameiginlegir líbú																
2 Bókasöfn																
3 Önnur söfn																
4 Byggingasaga																
5 Listir																
6 Menningarhúsi - félagsheimili																
7 Háttæðild																
8 Ýmsir styrkir og framlög																

f þús. kr.

VIÐAUKI 6C.

SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSTÓÐS FRH.

	00	02	03	81	1	2 + 4	5	7	8	9		
	Heildar- tekjur	Þjálfu- tekjur	Þjálfu- eigna- tekjur	Þátt af endafr. amaerra svættarf.	Laun og launat. gjöld.	Vöru- og þjónustu- kaup	Skattar og önnur opinb. gj.	Fjármunat. og fjármagnsgj.	Afskriftur framlög	Styrkir og framlög	Samtals gjöld	Fjárhags- áætlun
06 Æskulýðs- og íþróttamáli												
0 Sameiginlegir líðir												
1 Leikvellir												
2 Æskulýðsmál												
27 Vinnuskóli												
29 Önnur æskulýðsmál												
3 Félagssmáttvar												
5 Íþróttabús og sundlaugar												
51 Íþróttabús												
51.01 Íþróttabús 1												
51.02 Íþróttabús 2												
51.03 Íþróttabús 3 o.s.frv.												
55 Sundlaugar												
55.01 Sundlaug 1												
55.02 Sundlaug 2												
55.03 Sundlaug 3 o.s.frv.												
59 Önnur íþróttanavirki												
6 Íþróttasvæði												
8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála												
07 Brunamál og almannavarnir												
0 Sameiginlegir líðir												
2 Brunavarnir												
4 Almannavarnir og eyrgjasmál												
40 Sameiginlegir líðir												
42 Netárinnaþjafir												
43 Snjflöðavarnir - skriðgjallavarnir												
44 Sjúföðavarnir - sjúvarmeigarður												
45 Jarðskjálftavarnir												
8 Ýmsir styrkir og framlög												
08 Hreinlæfismál												
0 Sameiginlegir líðir												
1 Heilbrigðisfirlit												
2 Sorptænsun og sorpþýðing												
21 Sorptænsun og gammasvæðing												
23 Sorpþýðing - urðnarstabilir												
5 Meindýræyðing og býrafirlit												
51 Meindýræyðing												
57 Eflirlit með hunda- og kattahaldi												
8 Ýmsir styrkir og framlög												

VÞAUKI 6D.

SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSLÓÐS FRH.

	00	01	02	03	81	1	2 + 4	5	7	8	9			
	Heildar- tekjur	þar af þjónustu- tekjur	þar af eigna- tekjur	þar af endargr. annarra sveitarf.		Laun og launat. gjöld	Vöru- og þjónustu- kaup	Skattar og önnur opiðb. gj.	Fjármunat. og fjármagnsgj.	Afskriftir	Stykir og framlög	Samals gjöld	Niður- staða	Fjárhags- áætlun
<p>I þús. kr.</p>														
09 Skipulags- og byggingarmál														
0 Sameiginlegir líbr														
1 Mælingar, skráning og kortagerð														
2 Skipulagsmál														
20 Sameiginlegir líbr														
22 Aðalskipulag														
23 Deiliskipulag														
24 Svæðsskipulag														
29 Annar skipulagskostnaður														
5 Byggingarefirlit														
7 Lóðir og lóður														
8 Ýmsir stykir og framlög														
10 Umferðar- og samgöngumál														
0 Sameiginlegir líbr														
2 Gátakerfi														
3 Viðhald og rekstur gátakerfis														
4 Gangbrautir, hjólfærðastígar og reiðvegir														
5 Umferðaryggismál														
6 Snjómokstur og hákkavarnir														
7 Samgöngumál														
8 Ýmsir stykir og framlög														
11 Umhverfismál														
0 Sameiginlegir líbr														
2 Almenningsgarðar														
3 Utivistarsvæði														
4 Opin svæði														
5 Umhverfi gautna og torg														
6 Skreytingar														
7 Minka- og refatýðing														
8 Ýmsir stykir og framlög														
13 Atvinnumál														
0 Sameiginlegir líbr														
2 Landbúnaður														
4 Iðnaður														
5 Fiskeldi og úgerð														
6 Ferðamál														
8 Ýmsir stykir og framlög														

